



Vettvangur fyrir þátttöku eldri borgara - samskipti og framtak (PLACE EE)

Um hvað snýst þetta?

Vettvangur-EE (PLACE-EE) byggir á fjölþjóðlegri samvinnu heilbrigðisstofnana, sveitarstjórna, fræðimanna og sérfræðinga í upplýsingatækni, með það að markmiði að bæta lífsgæði eldri borgara. Verkefnið er styrkt af ESB; norðurslóðaáætluninni (NPA) og áætluninni um norðurheimskautssvæði og miðar að því að þróa og koma í framkvæmd sjálfbærum lausnum á staðnum, til þess að hvetja til netnotkunar og einstaklingsmiðaðarar rafrænnar heilbrigðisþjónustu. Eldra fólk mun taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi aðila frá sveitastjórnnum, tengt heilbrigðisþjónustu, háskólum og fyrirtækjum, í áætlun sem snýr að samfélagsþátttöku og samskiptum þvert á kynslóðir á milli ungmenna og eldri borgara með þeirri nálgun

að finna virði og gildi og byggja upp getu meðal eldri borgara til að takast á við hindranir tengdar aðgengi að þjónustu. Með því munum við skilgreina, stuðla að og tengja staðbundna menningarþekkingu og aðra arfleifð með nýstárlegum lausnum í upplýsingatækni, sem hvetja til meiri félagslegrar þátttöku og aðgengis að tímanlegri og skilvirkri ráðgjöf, stuðningi og umönnun. Vettvangur-EE mun veita eldri borgurum tækifæri til miðlunar á þekkingu, færni og vörum tengdum heilbrigði í þágu eldri borgara og samfélagsins.

Hvenær fer það fram?

Verkefnið mun verða í gangi í 3 ár, frá september 2017 til ágúst 2020.

Af hverju erum við að taka þátt í þessu verkefni?

Félagsleg einangrun og einsemd hafa verulega neikvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu. Slík úrlausnarefni eru algeng á strjálbýlum svæðum í Evrópu. Tilvera eldri borgara verður sífellt flóknari með aukinni þörf á heilbrigðisþjónustu og félagslegri umönnun.



HVER ERUM VIÐ?

Verkefnisteymið samanstendur af hópi fólks úr heilbrigðisgeiranum, frá sveitarstjórnnum, fræðimönnum og sérfræðingum í upplýsingatækni í Evrópu.

Öllum aðal þátttakendum er lýst hér fyrir neðan og samstarfsaðilum verður lýst í næstu tölublöðum.

Ulster háskóli



Ulster háskóli er leiðtogi í þessu verkefni, sem er styrkt af Evrópusambandinu, með stjórnunarteymi innan Miðstöðvar geðheilbrigðis- og velferðarmála í Bamford. Í Ulster háskóla hefur byggst upp talsverð reynsla tengt því að stýra ESB-verkefnum tengdum rafrænni heilbrigðisþjónustu, hækkandi lífaldri fólks, samfélagsþróun og ungmennum, enda hefur háskólinn tekið virkan þátt í yfir 500 verkefnum styrktum af ESB síðan 1990, sem metin eru á 80 milljónir sterlingspunda, t.d. SENDoc: Snjalltæki til endurhæfingar og sí tengdrar heilsu eldri borgara (Smart Senor Devices for Rehabilitation and connected Health).

Hverfisráð Fermanagh og Omagh (FODC)



Hverfisráð Fermanagh og Omagh hefur sterk vinnutengsl við Öldrunarsamvinnu í Suðvestri (South West Age Partnership), samtökum sem starfa með lögbundnum aðilum að því sameiginlega verkefni að veita eldri borgurum þjónustu á svæði Fermanagh og Omagh. Ráðið aðstoðar einnig við að samhæfa starf Samræmingarnefndar eldri borgara í Fermanagh & Omagh við starf fulltrúa annarra aðila á svæðinu, þ.m.t. þjónustu ráðuneyti ríkisstjórna, á sviði heilbrigðismála, samgangna, félagsþjónustu og neyðarþjónustu. Hverfisráðið fékk í ár styrk til að koma á fót vel heppnuðu tilraunaverkefni úr Hópsjóði fyrir eldri borgara sem hafði það að markmiði að gera umsóknarferlið einfaldara.



FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð

Sveitarfélagið Fjarðabyggð á Austurlandi er tíunda stærsta sveitarfélagið af þeim 75 sveitarfélögum sem eru á Íslandi, það er jafnframt stærsta sveitarfélagið á Austurlandi. Heildarfólksfjöldinn í Fjarðabyggð er 4,800 og er hann breytilegur frá einum firði til annars. Helstu atvinnustöðirnar í Fjarðarbyggð eru álframleiðsla, fiskveiði og fiskvinnsla. Þrjú stærstu fiskvinnslufyrirtækin á Íslandi; Síldarvinnslan, Eskja og Loðnuvinnslan eru staðsett í sveitarfélaginu, sem og álver Alcoa Fjarðaráls. Þá er nokkur landbúnaður í Norðfjarðarsveit.

Þjónusta fyrir eldri borgara í Fjarðabyggð er veitt til samræmis við reglur sveitarfélagsins um félagslega heimaþjónustu, sem eru samkvæmt íslenskum lögum um málefni aldraðra (125/1999). Félagsleg heimaþjónusta felur í sér að valdefla notandann og styðja hann til að dvelja eins lengi í heimahúsum og hann velur sjálfur. Áherslan er á að hvetja notandann til að bera ábyrgð á eigin lífi og virða rétt hans til að taka ákvarðanir er varða það. Í framkvæmd félagslegrar heimaþjónustu er annað markmið að skipuleggja og samræma þjónustuna við aðra þjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu og þjónustu heilsuverndar.

Borgar- og sýsluráð Limerick borgar (LCCC)

Borgar- og sýsluráð Limerick-borgar hefur gegnt lykilhlutverki í því að bæta þjónustu við eldri borgara, þ.m.t. með reglum um opinbera þjónustu eldri borgara. Í borginni er mest hækandi lífaldur fólks að meðaltali í Írlandi frá síðasta manntali; 25,9 % fólks í borginni er á aldrinum 55-85 ára, í samanburði við 23,3 % í miðvesturhlutanum (Age Friendly Limerick, bls. 4, 2015). Til að takast á við hluta af þessum áskorunum hefur Limerick haft frumkvæði að því að standa fyrir „aldurslausum“ viðburðum í borginni á stöðum og rými þar sem fólk á öllum aldri hefur gott aðgengi.

Lýðheilsustofnun (PHA)

Lýðheilsustofnuninni var komið á fót sem framkvæmdastofnun Heilbrigðisráðuneytisins í Norður-Írlandi eftir umbætur á heilbrigðiskerfinu árið 2009. Stofnunin vinnur þverfaglega að því að leiða saman breiðan hóp aðila tengda lýðheilsu, með áherslu á að efla og vernda heilsu og velferð almennings. Við vinnum einnig þvert á stofnanir, fyrirtæki og geira, þ.m.t. að því að efla skipulag samstarfs við sveitarstjórnir, að takast á við undirliggjandi ástæður fyrir slakri heilsu og draga úr ójöfnuði tengdum heilbrigði.

Lýðheilsustofnunin er einnig leiðandi stofnun í svæðisinnleiðingu verkefnisins Gerum lífið betra, lýðheilsuheilbrigðisramma Norður-Írlands til tíu ára. Gerum lífið betra miðar að því að skapa aðstæður fyrir einstaklinga og samfélög til að taka stjórn á eigin lífi og að færast nær þeirri sýn í Norður-Írlandi þar sem „allir fá hvatningu og stuðning til að ná góðri heilsu og vellíðan með því að draga úr ójöfnuði tengdum heilbrigði.“





Sveitarfélagið Skellefteå


Borgin Skellefteå veitir 8,000 manns atvinnu, þar eru yfir 400 stéttir atvinnu á breiðu fagsviði, allt frá umhverfismálum til menntunar og umönnunar. Heildarmarkmiðið er að vinna að öruggara, skilvirkara og meira hvetjandi borgarumhverfi fyrir alla. Skellefteå-borg er stofnun sem er stýrt af pólitískum öflum; sveitarstjórn og oddvita hennar og er hún sett saman af lýðræðislega kjörnum fulltrúum.

Á deild öldrunarumönnunar starfa 2,200 starfsmenn, sem heyra undir Félagsmálanefnd, stærstu nefnd stofnunarinnar. Kjarnagildin eru að auðvelda eldri borgurum að lifa lífi sínu á besta mögulega máta - í samræmi við eigin drauma, vilja og þarfir - með áherslu á sjálfstæði og merkingu.

Umeå háskóli

Umeå háskóli er aðalháskólinn í Norður-Svíþjóð, með 37,000 nemendur, 4,300 starfsmenn, 1,700 námskeið og 120 námsleiðir. Deild upplýsingatækni er hluti af félagsfræðideild þar sem leitast er við að skilja og hafa áhrif á hönnun og framleiðslu nýrra upplýsinga- og samskiptatækni og miðla. Helsta viðfangsefnið er hvernig tækni og miðlar eru nýttir, upplifaðir og metnir. Q-líf rannsóknarhópur deildarinnar hefur það að meginrannsóknarefni að skoða möguleika á því hvernig upplýsingatækni getur eftt vellíðan og sköpunarkraft einstaklinga. Við vinnum náið með mörgum fyrirtækjum og stofnunum á svæðinu, þ.m.t. fulltrúum félags- og heilbrigðisþjónustu og endanlegra notanda með sérþarfir.

Q-líf hefur tekið þátt í nokkrum alþjóðlegum ESB-verkefnum. Á meðal verkefna í dag er að reka upplýsingatækni-félagsmiðstöð fyrir eldri borgara, þar sem fólk hittist vikulega í Åsele á vegum samstarfsaðilans sveitarfélagsins Åsele. Það gefur eldri borgurum tækifæri á að hittast, prufa mismunandi tækni og hugbúnað og nota í mismunandi aðgerðir á milli funda og á meðan á þeim stendur. Við tökum einnig þátt í verkefninu *Miðstöð stafrænnar þjónustu í Västerbotten* (2017-2019), sem er styrkt af Uppbyggingarsjóði ESB og sveitarstjórnnum Åsele, Lycksele og Storuman. Verkefnið gengur út á að þróa og prufa leiðir í sveitarfélögunum til að auka stafræna notkun og hæfni íbúa til lengri tíma litið. Hver og ein miðstöð stafrænnar þjónustu verður staðsett í bókasöfnum í heimabyggð, sem verður auðlind fyrir stafræna notendur og aðra og fundarstaður fyrir bæði stafræna þjónustuveitendur og þá sem þjónustan er ætluð.



Frekari upplýsingar má
finna á:

Vefsíðu: <http://place-ee.interreg-npa.eu/>

Facebook: [fb.me/placeeeNPA](https://www.facebook.com/placeeeNPA)

Twitter: [@place_ee](https://twitter.com/place_ee)

Netfangi: place-ee@ulster.ac.uk

☞ Tímarit 2 af Fréttabréfi Vettvangs-EE verður aðgengilegt í september 2018 ☞

Vettvangur-EE er styrkt af



Northern Periphery and
Arctic Programme
2014–2020



EUROPEAN UNION

Investing in your future
European Regional Development Fund